

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
b/t Rúnar Guðmundsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík 7. júní 2019
UST201905-110/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Árbúðir– Hálendismiðstöð - Bláskógabyggð

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 11. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir hálendismiðstöðina Árbúðir í Bláskógabyggð.

Í greinargerð kemur fram að í hálendismiðstöðinni Árbúðir, sem er staðsett við Kjalveg sé gert er ráð fyrir veitinga- og gististað, ásamt þjónustu við göngu- og hestahópa. Auk þess kemur fram í greinargerð að innan lóðar eru í dag 87 m² gistiskáli, 85 m² sölu- og veitingaskáli, 95 m² hesthús, hús fyrir salerni og sturtu um 15 m² og um 20 m² starfsmannahús.

Í greinargerð kemur fram að innan byggingareits B1 er heimilt að stækka núverandi gistiskála um allt að 100 m² og byggja allt að þrjá nýja 100 m² gistiskála og heildar byggingarmagn getur því verið allt að 700 m² og gisting getur verið fyrir allt að 70 gesti.

Innan byggingareits B2 er heimilt að vera með raffhleðslustöð og eldsneytissölu.

Girðingar

Í tillögunni er gert ráð fyrir hestagerði við ána Svartá og telur Umhverfisstofnun mikilvægt að girðingar hindri ekki umferð gangandi manna. Í 26. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er fjallað um girðingar og þar segir: „Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Ef mannvirki hindrar för um bakka skal sem kostur er séð fyrir göngustíg kringum mannvirkið og að bakkanum aftur. Þegar girða þarf yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjólreiða- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu. Heimilt er að hafa göngustiga í stað hliðs þegar girt er yfir skipulagðan göngustíg.“

Eldsneytissala

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um umhverfisáhrif eldsneytisflutninga vegna nýrrar bensinstöðvar í tillögunni, en stofnunin telur mikilvægt að umhverfisáhrif flutninganna séu metin.

Í tillögunni er gert ráð fyrir eldsneytissölu og telur því Umhverfisstofnun mikilvægt að notaðar verða olíuskiljur af skiljugerð I þ.e. samrunaskiljur og afrennsli af afgreiðsluplani skal fara í samrunaolífuskilju sbr. íslenskan staðal ÍST EN 858-2:2003.

Rafvæðing

Umhverfisstofnun telur jákvætt að svæðið verði rafvætt og það þurfi því ekki lengur að keyra olíurafstöð á staðnum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um í tillögunni hver sé umhverfisáhrif uppbyggingar rafflutningkerfis að svæðinu.

Bílastæði, vegir og umfang

Í tillögunni er gert ráð yfir að um 70 gestir geti verið í gistingu þegar mest er, auk þess er gert ráð fyrir bensínstöð í tillögunni sem getur leitt til þess að fleiri gestir komi inn á svæðið. Umhverfisstofnun telur m.t.t. fjölgun gesta, sé umfang bílastæða vanmetið, sem gæti rýrt verndargildi svæðisins og aukið ágang á viðkvæma náttúru á svæðinu og í næsta nágrenni.

Vegur, slóði og nýjar byggingar

Umhverfisstofnun bendir á að slóði að hesthúsi er ekki skilgreindur í skýringum á teikningu og hugsanleg staðsetning nýrra húsa er ekki getið á uppdrætti. Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að akvegur er látinn liggja að Svartá, en einungis er gert ráð fyrir reiðleið og gönguleið norðan megin við ána. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að það komi fram með skýrari hætti hvort gert sé ráð fyrir umferð vélknúna ökutækja norðan megin við ána niður að Hvítárvatni.


Ásýnd

Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í tillögunni að umfang tillögunnar geti haft neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins, þar sem m.a. er verið að setja upp bensínstöð og auka byggingarmagn um helming.

Miðhálandisþjóðgarður

Umhverfisstofnun bendir á að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um átak í friðlýsingum og er hluti þess átaks stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Hefur ráðherra skipað þverpólítíska nefnd um verkefnið.

Hlutverk nefndinni er m.a. að fjalla um hugsanlegar aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar, svæðisskiptingu og rekstrarsvæði og greina tækifæri með stofnun þjóðgarðs á byggðapróun og atvinnulíf. Við störf nefndarinnar verður haft samráð við helstu hagsmunaaðila og almannasamtök, s.s. náttúruverndarsamtök, útvistarsamtök og samtök hagsmunaaðila s.s. í ferðaþjónustu, landbúnaði og orkumálum.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur